

Alþingi
Erindi nr. P 131/1526
komudagur 25.4.2005



Nefndarsvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík
nefndarsvid@althingi.is

Í Ólafsfirði 25. apríl 2005.

Efni bréfs. **Umsögn Ólafsfjarðarbæjar vegna tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005 – 2008, 721. mál.**

Á fundi bæjarráðs Ólafsfjarðar sem haldinn var miðvikudaginn 20. apríl s.l. var tillaga að samgönguáætlun fyrir árin 2005 – 2008 tekin fyrir og rædd.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við þá þætti áætlunarinnar sem varða samgöngu-bætur í Ólafsfirði með beinum eða óbeinum hætti enda í samræmi við áður gefin fyrirheit og áætlanir. Á þessu er þó ein undantekning sem varðar flokkun vega (sbr. 4.3.).

Bæjaryfirvöld í Ólafsfirði hafa ítrekað óskað eftir því að vegur vestan Ólafsfjarðar-vatns sem liggur frá brú yfir Ólafsfjarðarós fram hjá bænum Garði að bænum Þóroddsstöðum og þaðan upp á Ólafsfjarðarveg um Lágheiði verði tekinn inn í vegakerfið og skilgreindur sem safnvegur. Fyrir nokkrum árum var þessi vegur tekinn út af skrá en bæjaryfirvöld hafa reynt að halda honum við því hann skiptir máli. Það kom berlega í ljós s.l. haust þegar bæði Múlavegur og Ólafsfjarðarvegur um Lágheiði fóru í sundur á mörgum stöðum í vatns- og aurflóðum og voru lokaðir á sama tíma. Þessi vegur vestan vatnsins var þá eina færa leiðinn inn í bæinn.

Þá má benda á að þessi leið var sú eina færa fyrir tæki (snjótroðara og fleira) sem þurfti til í byrjun árs 2004 þegar snjóflóð skullu á bæinn Bakka en þá varð þar mannskaði. Einbreið brú á Ólafsfjarðarvegi rétt sunnan Ólafsfjarðarvatns reyndist þvílíkur farartálmi nauðsynlegum tækjum að björgunarlið þurfti að snúa við og fara vestari leiðina til að komast á slysaðað. Þetta tafði aðkoma að Bakka um 3-4 tíma.

Að mati bæjarráðs er þessi vegur mikilvægur út frá öryggissjónarmiðum og því verðum við að fá hann inn á vegaskrá og inn á vegaáætlun. Að lokum má benda á að þessi vegur gæti orðið enn mikilvægari þegar framkvæmdir við Héðinsfjörð hefjast.

Virðingarfyllt
Stefanía Austadóttir
Bæjarstjóri